

Mánudaginn 27. ágústmán.

Nr. 27/1888.

Sighvatur Bjarnason

gegn

Jóni Ólafssyni.

## Dómur:

Í máli, er Benedikt Gröndal, fyrverandi kennari við latínuskólann í Reykjavík, hefur höfðað gegn hinum stefnda, alþingismanni Jóni Ólafssyni, fyrir meiðyrði og sem er rekið fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar, hefur hinn stefndi, nefndur alþingismaður Jón Ólafsson, stefnt áfrýjandanum, Sighvati Bjarnasyni, til þess að bera vitnisburð eptir skriflegum spurningum, er fram voru lagðar í bæjarþingsrjettinum hinn 14. júnímán þ. á. Áfrýjandinn neitadi þá að svara spurningum þeim, sem á hinu framlagða skjali Nr. 11 í undirrjettargjörðunum eru auðkenndar Nr. 1—5, en með úrskurði dómarans, upp kveðnum í sama bæjarþingsrjetti, var honum fyrir lagt, að svara þessum spurningum, að vidlögðum falsmálssektum. — Úrskurði þessum hefur Sighvatur Bjarnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 26. júní þ. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega úr gildi felldur, og að hinn stefndi, Jón alþingismaður Ólafsson, verði skyldaður til að greiða áfrýjunarkostnað málsins með 20 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn krefst hinn stefndi þess, að úrskurður bæjarþingsrjettarins verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða kostnað málsins fyrir yfirdómi.

Spurningarnar, sem hinn stefndi ljet leggja fyrir áfrýjanda máls þessa í bæjarþingsrjettinum, eru þess

efnis, *hvort* áfrýjandi hafi lesið kæru eina, er skóla-  
stjóri latínuskólans í Reykjavík hafi sent stiptsyfir-  
völdunum yfir Benedikt Gröndal fyrir óreglu og  
drykkjuskap og vanrækt í embættisstöðu hans; *hvort*  
eigi hafi verið tekið fram í kærinni, að það bæri að  
svipta Gröndal embætti; *hvort* áfrýjandi hafi lesið til-  
lögur stiptsyfirvaldanna eða amtmanns um málefni  
þetta; *hvort* tillaga stiptsyfirvaldanna hafi eigi í þessu  
efni farið í vissa tilgreinda átt; og *hvort* að Gröndal  
hafi eigi sótt um lausn frá embætti, eptir að þessar  
tillögur voru komnar fram.

Áfrýjandi er skrifari á skrifstofu landshöfðingjans  
yfir Íslandi, og var honum stefnt til vitnisburðar um  
ofanefnd atvik einmitt af því, að álitid var að hon-  
um sakir þessarar stöðu hans væri persónulega kunn-  
ugt um þau. Það er allsendis vafalaust, að skrifar-  
ar á skrifstofum embættismanna hafa enga heimild  
til þess að skýra frá, hver embættisleg skjöl hafi  
komið á skrifstofuna og hvers efnis þau hafi verið,  
eða hver málefni og hvernig löguð þangað hafi kom-  
ið undir úrlausn hlutadeigandi embættismanns, nema  
því að eins að embættismaðurinn sjálfur, er stýrir  
skrifstofunni og unnrád hefur yfir henni, gefi leyfi sitt  
til þess, en þvílíkt leyfi hefur hann eigi gefið í þessu  
máli. Þessari sjálfsgöðu reglu verður eigi umhverft  
með því, að stefna hlutadeigandi skrifstofuþjóni fyrir  
rjett til þess þar að gefa vitnisburð. — Sumar af  
vitnaspurningum þeim, sem eru umtalsefni í máli  
þessu og lagðar voru fyrir áfrýjandann, eru nú þess  
efnis samkvæmt hinu framanritaða, að áfrýjandan-  
um gat eigi borið skylda til að svara þeim, en eptir  
málstærslunni er eigi unnt að gjöra greinarmun á

spurningum þessum og hinum, er áfrýjanda kynni að vera skylt að svara. Fyrir því ber að fella úr gildi bæjarþingsúrskurðinn, eins og hann liggur fyrir, og eptir þessum úrslitum málsins verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsrjettar-úrskurður er úr gildi felldur. Í málskostnað greiði stefndi, alþingismaður Jón Ólafsson, áfrýjandanum Sighvati Bjarnasyni 12 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 28/1888.

Halldór Melsted  
 gegn  
 Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Í meiðyrðamáli einhverju, er fyrverandi latínuskólakennari í Reykjavík, Benedikt Gröndal, hefur höfðað gegn hinum stefnda, Jóni alþingismanni Ólafssyni, og sem hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, hefur hinn stefndi, nefndur Jón Ólafsson, stefnt áfrýjandanum, cand. philos. Halldóri Melsted, til þess að bera vitnisburð um ýms atvik eptir skriflegum spurningum, er fram voru lagðar í bæjarþingsrjettinum hinn 14. júnímán. þ. á.

Áfrýjandinn neitaði þá að svara spurningum þeim, sem á hinu framlagða skjali (Nr. 11 í undirrjettar-